

## **Miðstjórnarfundur Framsóknarflokksins - 3. maí 2008**

Ágætu framsóknarmenn!

Ísland á sér ærinn auð og gnægð tækifæra í samfélagi þjóðanna. Íslands mesti auður, þrátt fyrir einstakar auðlindir frá hafi til heiða, er eigi að síður mannauðurinn. Það er hið duglega hógværa og hugprúða fólk sem byggir þetta land.

Við framsóknarmenn eigum okkar stóra þátt í sókn og sigrum Íslendinga í yfir 90 ár. Við lögðum ennfreður grunn að því framfararskeiði sem verður talið eitt lengsta hagvaxtarskeið Íslands frá 1995 – 2007.

Þegar við komum saman nú á vordögum 2008 eru miklar blikur á lofti í efnahagsmálum þjóðarinnar. Ekki skortir núverandi ríkisstjórn þingmeirihluta og því óraði engan fyrir því að á einu ári myndi ríkisstjórnin klúðra stöðu sinni svo gjörsamlega með því að tala út og suður, og horfa á óveðursský hrannast upp í efnahagsmálum, án þess að takast nokkurn tímann á við vandann. Vissulega batt margur maðurinn vonir við þessa ríkisstjórn, ég trúði því jafnvel

sjálfur að hún yrði vandanum vaxin. Ríkisstjórnin er fyrir vikið í frjálsum falli og hefur misst tiltrú sína. Hún hefur á aðeins 10 mánuðum misst tiltrú kjósenda sinna og tapað stuðningi sem nam 85% í upphafi en er nú aðeins 58%. Oddvitar ríkisstjórnarinnar hafa einnig tapað trausti og eru komnir niður fyrir 30 og 40% í mælingu á ánægju með störf þeirra. Þetta eru afleiðingar þess að allir sjá dug- og ráðaleysi ríkisstjórnarinnar.

Ríkisstjórninni fylgir nýr flottræfilsháttur. Ráðherrar eru meira og minna á ferðalögum erlendis - á fundum kónaga, drottninga og annarra fyrirmenna - og gripið hefur verið til fararskjóta sem hneyksla alla réttláta jafnaðarmenn Íslands. Einkapötur fara um himinhvolfið - mikil er dýrðin. Á sama tíma stendur almenningur á Íslandi frammi fyrir mestu kjaraskerðingu í 20 ár.

Ríkisstjórn Geirs H. Haarde er ekki vandanum vaxin. Hún er aumasta ríkisstjórn sem setið hefur frá því að þjóðarsáttin náðist fram árið 1990. Þessi ríkisstjórn hefur haft eitt lífsmottó, að hlusta ekki á varnaðarorð og gera lítið úr ráðum annarra. Það var vitað fyrir ári að það átti að vera fyrsta

verkefni ríkisstjórnarinnar, að takast á við vaxandi verðbólgu hér sem þá þegar ógnaði öllum stöðugleika. Allar ríkisstjórnir verða í upphafi kjörtímabils að byrja strax og sýna í verki dug við ríkjandi vanda. Það gerðu þeir Halldór Ásgrímsson og Davíð Oddsson 1999 og 2003 og nú minnst menn þess hvernig verðbólgan var kveðin niður með samstilltu átaki og snertilendingu 2001.

Það var sýnt þegar á haustdögum að það gat stefnt í fjármálakreppu í hinum vestræna heimi. Ráðherrar skensuðu Seðlabankann í haust og töldu ekkert að og aðhöfðust ekkert. Seðlabankinn er þrátt fyrir það hagfræðistofnun sem hefur skyldur samkvæmt lögum, ekki síst í baráttu við verðbólgu. Ríkisstjórnin fer með efnahagsstjórnina.

Nú er staðfest að hér er að eiga sér stað hörð lending í efnahagsmálum sem hefði átt að vera hægt að koma í veg fyrir með samstilltu átaki, eins og við framsóknarmenn höfum margoft bent á. Ríkisstjórnin virðist hins vegar stödd á einni plánetunni og Seðlabankinn á annarri. Atvinnulífið froðufellir og er staðið að viðbrögðum sem ekki standast, því þrátt fyrir glæfralega stýrivaxtastefnu Seðlabankans verður evra ekki

tekin upp einhliða. Það veit framkvæmdastjóri þess og á fremur að taka á máttleysi hagstjórnarinnar í höndum Geirs H. Haarde og Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur. Það er verkalýðshreyfingin sem talar af fullri festu og ábyrgð og segir satt, það er runnin upp ögurstund.

Það er runnin upp ögurstund þegar stýrivextir eru hér þeir hæstu í veröldinni. Það er runnin upp ögurstund þegar verðbólgan mælist 12% í apríl. Það er runnin upp ögurstund þegar gengi íslensku krónunnar hefur fallið um 30%. Við blasa spár um hrun á eignum almennings og greiðslubyrði heimilanna margfaldast. Það er ögurstund þegar gjaldþrot eru hafin í atvinnulífinu með tilheyrandi atvinnuleysi og hörmungum sem bitna á launafólki. Ríkisstjórnin er ekki starfi sínu vaxin og ekki á vetur setjandi. Hún verður að taka sig á eða fara frá.

Við framsóknarmenn höfum ekki við núverandi aðstæður mestar áhyggjur af bankakerfinu. Þrátt fyrir ákveðið offar á síðustu árum þá er það sterkt og mun standast álagið erlendis frá. Við höfum miklu meiri áhyggjur af stöðu heimilanna, stöðu fólksins í landinu, stöðu unga fólksins, barnafólksins, og

því að launafólkið verði látið bera þungann og áfallið af kreppunni.

Einu ber þó að fagna hér í dag alveg sérstaklega. Guði sé lof fyrir að okkur framsóknarmönnum hefur tekist að verja Íbúðalánasjóð fólksins. Íbúðalánasjóður er ljós í myrkrinu. Hann hefur hafið vaxtalækkun á ný. Hann á svigrúm og möguleika að standa vörð um hag þúsunda heimila. Hönd Íbúðalánasjóðs er við þessar aðstæður mjúk sem móðurhönd, meðan bankakerfið undir stjórn harðrar arðsemiskröfu starfar öðruvísi og færi öðruvísi að.

Við framsóknarmenn settum fram þau stefnumið að það væru mannréttindi Íslendinga að fá húsnæðislán til 25 eða 40 ára á sem lægstum vöxtum. Lán sem væru 90% af verðgildi eigna, þó með hámarksupphæð eða þaki.

Sjálfstæðisflokkurinn væri nú búinn að einkavæða eða selja bankakerfinu sjóðinn ef við hefðum ekki staðið gegn því og varið hann sem lykilatriði í byggingaráformum ungs fólks. Íbúðalánasjóður er ekki í samkeppni á byggingamarkaði. Hann starfar samkvæmt löggjöf og reglum og sinnir fólki í þeirri

frumskyldu hvers manns að eignast þak yfir höfuðið. Hins vegar var það bankakerfið sem gerði árás á sjóðinn 2004 og raskaði stöðunni á húsnæðismarkaði og bauð lán upp í 105% - sem var fáheyrt og ábyrgðarlaust. Nú reyna bankarnir að forða sér af húsnæðismarkaðnum og ríkisstjórnin kennir þeim ekki um vandann heldur talar þvert á móti um Íbúðalánasjóð sem sökudólg. Þó er það árársaðilinn sem ætti að fá bágð í hattinn ef menn vilja á annað borð leita að einhverjum sökudólgi.

Það var ömurlegt að heyra ummæli forsætisráðherra í vikunni þar sem hann nánast formælti Íbúðalánasjóði og sýndi í raun að Sjálfstæðisflokkurinn hefur horn í síðu sjóðsins. Þó styðja á milli 80 og 90% þjóðarinnar störf og stefnu Íbúðalánasjóðs.

Nú kemur að nýju upp þekkt ástand á Íslandi. Það eru mótmæli og harka að færast í samfélagið. Mótmælin beinast að ríkisstjórninni og skyldi engan undra þegar þeir sem síst skyldi eru sviknir.

Það var staðfest í félags- og tryggingamálanefnd Alþingis á fundi með fulltrúum aldraðra og öryrkja, ásamt Gylfa Arnbjörnssyni frá ASÍ, að ríkisstjórn Geirs H Haarde hefur

svikið samkomulag sem fyrri ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks gerði við þetta fólk. Það var fyrir forgöngu Halldórs Ásgrímssonar þáverandi forsætisráðherra að þessi sáttanefnd var skipuð og svo mikið var í hana lagt að Ásmundur Stefánsson ríkissáttasemjari var fenginn sem formaður hennar - enda samkomulagið aldrei nefnt annað en Ásmundarsamkomulagið.

Hvers vegna fremur ríkisstjórnin svona drottinssvik við þennan hóp að hafa af þessu fólk, sem býr við lægstu bætur, þrjá koma sex milljarða á ári? Það vantar tíu þúsund krónur í launaumslagið hjá öllu þessu fólk sem er á lágmarkstekjum við hver mánaðarmót. Við framsóknarmenn fordæmum þennan gjörning og þessi svik. Mikil er skömm ríkisstjórnarinnar. Þetta er lágkúra.

Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks gerði samkomulag árið 2006 við Alþýðusamband Íslands, Öryrkjabandalag Íslands og Landssamtök aldraðra um viðmið almannatryggingabóta. Í tillögunum var lagt upp með að hækka þá þrjá flokka tryggingabóta sem mynda lágmarksgrunnlífeyri og að setja viðmið við

dagvinnutryggingu launafólks í stað lægstu taxta, enda gefur það mun raunsannari mynd af raunverulegum launum á vinnumarkaði.

Ný ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar hefur breytt þessu viðmiði í það að miða við lægstu taxta sem finnast í launatöflum. Lengi lifi skömm Samfylkingarinnar. Hún kokgleypir þessi svik og lætur Sjálfstæðisflokkinn plata sig.

Við finnum einnig til tillitsleysis gagnvart hinum ýmsu hópum í samfélaginu. Nefna má skeytingarleysi gagnvart hjúkrunarfræðingum og gagnvart kröfum vörubílstjóra. Þá eru nú miklar áhyggjur hjá landbúnaðinum og iðnaðinum vegna yfirvofandi yfirtöku á matvælalöggjöf Evrópusambandsins. Hagsmunaaðilar telja að þessi opnun á innflutningi á hráu kjöti þýði að innlendum matvælaiðnaði verði rústað. Það er mikilvægt að skoða þetta mál vel og gefa því lengri tíma.



Góðir miðstjórnarmenn.

Framsóknarmenn hafa lagt fram skynsamsamar og hófsamar tillögur að nýrri þjóðarsátt og aðgerðum sem hægt er að grípa strax til og lágmarka skaðann.

Tillögur okkar sem snúa að fjármálakerfinu sjálfu eru í þremur liðum. Efla þarf gjaldeyrisforða Seðlabankans til að draga úr þeirri óvissu sem er uppi um greiðslugetu fjármálakerfis landsmanna. Yfirtaka Íbúðalánasjóðs á fasteignalánnum bankanna þarf að vera til reiðu á lánnum sem eru undir tilteknum fjárhæðarmörkum og þannig verði með félagslegum hætti komið að vanda tekjulægri hópa í samfélaginu. Í þriðja lagi þarf að endurskoða og íhuga breytingar á peningamálastefnu Seðlabankans þannig að vægi fjármálastöðugleika í markmiðssetningu bankans verði aukið, samhliða því sem horft verði til stöðugleika í verðalagsmálum.

Tillögur okkar sem snúa að viðbrögðum hins opinbera gegn vaxandi verðbólgu ganga út á að ríkissjóður í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins beiti sér fyrir sátt um aðgerðir til að draga úr verstu áhrifum efnahagskreppunnar, dýpt hennar og

lengd. Ný þjóðarsátt verði gerð um viðspyrnu gegn verðbólgu. Endurskoða þarf forsendur fjárlaga tafarlaust, fella á brott sértæka neysluskatta s.s. álögur á eldsneyti og virðisaukaskatt á matvæli auk stimpilgjalda á íbúðarhúsnæði. Efla þarf verðlags- og verðmerkingareftirlit, Samkeppniseftirlitið og Fjármálaeftirlitið. Áfram þarf að vinna að undirbúningi stórframkvæmda þannig að hægt verði að ráðast í þær með skömmum fyrirvara þegar aðstæður leyfa í efnahagslífinu og hvetja þarf til almenns sparnaðar með skattalegum aðgerðum.

Það er mat framsóknarmanna að með samstilltu átaki megi stýra efnahagsmálunum þannig að bæði almenningur og atvinnulíf standi fyrirsjáanlega erfiðleika af sér. Framsóknarflokkurinn varar við áframhaldandi aðgerðarleysi stjórnvalda og leggur hér til þjóðarsátt þar sem horft verði til raunhæfra og markvissra aðgerða sem miðast annars vegar við að styrkja fjármálakerfið og hins vegar við að draga sem mest úr skaðvænlegustu afleiðingum fyrirsjáanlegrar efnahagskreppu.

Ingibjörg Sólrún ætti að vinna að slíkri sátt í stað þess að kalla eftir henni á sjálfum baráttudegi verkalyðsins. Hún er í þeirri

stöðu að geta látið verkin tala. Ekki stendur á framsóknarmönnum að taka þátt í nauðsynlegum aðgerðum.

Ágætu miðstjórnarmenn.

Við framsóknarmenn töpuðum í síðustu kosningum. Það er hin lýðræðislega niðurstaða sem fylgir pólitík. Auðvitað segjum við að við höfum ekki átt það skilið. Við kjósendur deilir hins vegar enginn og við tókum þessari niðurstöðu með ró og lítillæti. Okkar verkefni er heillandi og felst í að byggja upp á ný stóran og sigursælan flokk. Við verðum að finna gleði okkar og sál okkar sem gerir starfið svo skemmtilegt og skapar baráttu og kallar menn til starfa.

Í löngu ríkisstjórnarsamstarfi þar sem ólík sjónarmið tveggja forystuflokka síðustu aldar voru leyst, utan fjölmiðla og án ágreinings í fjölmiðlaumræðu, urðu flokkarnir í augum hins almenna manns allt of líkir. Við fórum með hin viðkvæmu mál félagshyggju, samhjálp og náttúruverndar. Ég veit að mörgu góðu var komið til leiðar. Hinu er ekki að leynd að oft var ágreiningur uppi í samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn í þessum málum.

Staða Framsóknarflokksins er sú að hann vann yfirburðasigur 1995 með 23,3% atkvæða. Grunnur Framsóknarflokksins var í gegnum tíðina 15 – 18% fylgi. Í tólf ára ríkisstjórnarsetu fór þetta grunnfylgi úr 15 – 18% niður í 8 – 10%. Við höfum verið að tapa frá okkur fylgi af vinstri væng Framsóknarflokksins, bæði til Samfylkingar og Vinstri grænna. Við vitum líka að stuðningur við innrás í Írak og það að styðja Bush Bandaríkjaforseta, sem á almennt lítinn stuðning á Íslandi, fór illa með flokkinn.

Jón Sigurðsson, fyrrverandi formaður gerði það mál upp í okkar hópi og slíkt má aldrei henda aftur að friðelskandi þjóð eins og Ísland sé bendluð við að vera þátttakandi í stríði.

Við eigum aðeins eitt verkefni - að kalla okkar fólk heim, þvo af okkur óhróður síðustu ára og viðurkenna sem heiðarlegir menn að við þurfum að skerpa línur gagnvart náttúruvernd, gagnvart félagshyggju, gagnvart lífsbaráttu þeirra sem mest þurfa á aðstoð samfélagsins að halda. Höfum líka eitt á hreinu. Við erum ekki flokkur sem situr undir eða sættir sig við spillingu í okkar flokki eða þjóðfélaginu.

Við eigum því ærið verkefni framundan.

Við erum framsóknarmenn af því að við eigum okkur hugsjónir og lífsskoðanir og höfum í yfir 90 ár látið verkin tala. Flokkur okkar er ekki hægri flokkur, hann er ekki vinstri flokkur, hann stefnir beint áfram eins og Hermann Jónasson orðaði það. Við framsóknarmenn erum ekki sammála um alla hluti. Þess vegna erum við flokkur til að leita jafnvægis og málamiðlana milli flokksfélaga eins og við erum þekkt fyrir í samfélaginu.

Eitt mál tókum við út fyrir sviga hér áður vegna þess hversu sjónarmiðin voru ólík. Það var hermálið. Annar helmingur framsóknarmanna barðist fyrir brottför hersins á meðan hinn helmingurinn vildi að herinn yrði hér um aldur og ævi. Nú stöndum við frammi fyrir máli sem er af sama toga - eldfimt og heitt. Það er aðild að Evrópusambandinu eða ekki.

Víðtæk umræða um evru og aðild að Evrópusambandinu fer nú fram á Íslandi. Hún fer fram í skugga efnahagslegra erfiðleika og verðbólgu sem veldur því að lífskjör og lífsgæði

eru að versna. Ein af afleiðingunum er sú að menn tala um íslenska krónu svona svipað og gert var um misyndismenn í minni æsku. Krónan er eins og persóna sem veldur vandræðum. Það er alvarlegur hlutur, hvort sem utanríkisráðherra eða viðskiptaráðherra eiga í hlut, að tala um íslenska gjaldmiðilinn sem óalandi og óferjandi mynt. Með slíku tali eru íslenskir ráðherrar að verðfella íslenska hagsmuni.

Vissulega er það svo að íslenskt hagkerfi hefur breyst mjög á liðnum árum og er opnara en nokkru sinni fyrr, ekki síst fyrir tilstilli EES-samningsins. Okkur hefur lánast að nýta okkur kosti alþjóðavæðingarinnar en því miður sjáum við líka gallana í kjölfar hinnar alþjóðlegu fjármálakreppu sem skolið hefur á síðustu mánuðina.

Í opnu hagkerfi er ekki víst að íslenska krónan dugi sem gjaldmiðill til lengri tíma. Við höfum séð hana sveiflast í hinum alþjóðlega ólgusjó og vegna velgengni útrásarfyrirtækjanna hefur reynst erfitt að tryggja henni nægjanlega sterkan bakhjarl. Því þrátt fyrir sterka stöðu ríkissjóðs er staðreyndin eigi að síður sú að krónan er rekin af

minnsta seðlabanka veraldar. Með þá vitneskju í farteskinu er freistandi fyrir óprúttna aðila að taka stöðu gegn krónunni í auðgunarskyni. Á hinn bóginn hefur oft reynst vel að hafa sjálfstæða peningamálastjórn sem tekur mið af innlendum aðstæðum.

Með blindri sýn á núverandi verðbólguþolmið Seðlabankans hefur sjálfstæðið hins vegar snúist upp í andhverfu sína. Til að hafa hemil á þenslu hefur Seðlabankinn hækkað stýrivexti sína svo mjög að þeir eru nú þeir hæstu sem þekkjast hjá nokkru vestrænu ríki. Þessir háu vextir hafa vakið athygli erlendra fjárfesta og spákaupmanna, auk þess sem vextirnir blóðmjólka fólkið og fyrirtækin í landinu. Afleiðingarnar kunna að vera skelfilegar. Til að bæta gráu ofan á svart hefur flotgengisstefnan skapað mikla óvissu fyrir jafnt innflutnings- sem útflutningsaðila og leitt til verra verðskyns meðal neytenda en búast má við þar sem gengi gjaldmiðilsins er stöðugra. Ég óttast að gangi ríkisstjórnin í fullu samstarfi með Seðlabankanum ekki strax í það að lækka hér vexti og tryggja lánsfé muni þetta ástand dauðrota íslenskt atvinnulíf.

Augljóst er að hér þarf að bæta úr. Það er skylda ríkisstjórnarinnar að taka hér á af festu og með myndarskap og haga hagstjórn sinni með ábyrgum hætti. Tryggja þarf stöðugt verðlag, lága verðbólgu, lága stýrivexti til langs tíma, lítinn eða engan halla á rekstri ríkissjóðs og að heildarskuldir hins opinbera fari ekki yfir ákveðið hlutfall af vergri landsframleiðslu.

Við framsóknarmenn erum raunsærir í eðli okkar og leitumst við að kryfja viðfangsefnin, skoða ólíkar hliðar og sjónarmið og leita lausna. Af þeim sökum höfum við í kjölfar samþykktar síðasta haustfundar miðstjórnarinnar sett í gang nefnd undir forystu Jóhannesar Geirs Sigurgeirssonar, fyrrverandi alþingismanns, sem skipuð er fulltrúum úr öllum kjördæmum og frá báðum landssamtökum flokksins, sem hefur það hlutverk að kanna hvaða leiðir eru heppilegastar í peningamálastjórninni og hvaða niðurstaða er líklegust til að skila farsælli niðurstöðu fyrir fólkið og fyrirtækin í landinu. Í þeirri vinnu er engin niðurstaða gefin fyrirfram heldur eru kannaðar leiðir á grundvelli fyrirliggjandi staðreynda og áliti færustu sérfræðinga.



Góðir félagar.

Evrópumálin og hugsanleg aðild Íslands að Evrópusambandinu er nú rædd með þeim hætti að ekkert er mikilvægara en að dýpka þá umræðu og fara dýpra í saumana á kostum og göllum aðildar.

Sumir trúa því að aðild að sambandinu sé lífsspursmál fyrir Ísland meðan aðrir sjá aðild allt til foráttu. Klögumálin ganga á víxl og þessi bardagi harðnar innan og utan flokka. Einn hefur þá sannfæringu að okkar góðu lífskjör séu tengd sjálfsákvörðunarrétti þjóðarinnar á meðan annar trúir því að við munum ekki lifa eða halda uppi okkar góðu lífskjörum nema að ganga í Evrópusambandið. Þetta er staðan ágætu félagar, innan Framsóknarflokksins og innan annarra flokka einnig. Hafa margir gengið svo langt að segja að íslenska flokkakerfið ráði ekki við mál af þessum toga sem gangi svo þvert á þá. Ég vil ekki taka undir það. Þrátt fyrir miklar deilur um þessi mál hjá mörgum norrænu félagshyggjuflokkanna tókst þeim að skiptast á skoðunum án þess að klofna og vera sammála um að vera ósammála um þetta stóra grundvallaratriði. Við höfum áður upplifað mál sem reyndust

íslensku flokkunum erfið og er nærtækt fyrir okkur framsóknarmenn að minnast herstöðvarmálsins og aðildar þjóðarinnar að EES-samningnum.

Ísland á ærinn auð og ótal tækifæri í opinni veröld frjálsra viðskipta. Það hefur enginn dregið í efa að EES-samningurinn var þýðingarmikið skref frjálsra viðskipta og tækifæra íslenskra fyrirtækja. Hinu mega menn ekki gleyma að Sjálfstæðisflokkurinn barðist gegn EES í 3 ár. Við framsóknarmenn studdum þessa vegferð en undir lok samningaferilsins urðu hér harkalegar deilur út af stjórnarskránni milli leikra og lærðra í þá veru að með EES-aðild værum við að undirgangast yfirþjóðlegt vald. Af þeim sökum greiddi enginn þingmaður flokksins atkvæði með lokaniðurstöðunni. Við töldum að stjórnarskráin ætti að njóta vafans.

Á þeim tíma sem liðinn er frá gildistöku EES-samningsins hafa margir virtir prófessorar og fræðimenn látið í ljós þá skoðun að það framsal valds sem í samningnum fólst stæðist ekki stjórnarskrána. Ef til aðildar að Evrópusambandinu kemur er fullkomlega ljóst að mæta þarf því framsali valds

sem í slíkri aðild felst með breytingu á stjórnarskránni. Hvort sem menn meta hagsmunum okkar betur borgið utan eða innan Evrópusambandsins tel ég því mikilvægt að ráðist verði í nauðsynlegar breytingar á stjórnarskrá okkar til að mæta þeim kröfum sem alþjóðlegt samstarf kallar á. Samhliða þessu þarf að ráðast í aðrar efnislegar breytingar á stjórnarskránni sem við framsóknarmenn höfum lagt fram frumvarp um á Alþingi og sem varða tryggingu þess að auðlindir landsins verði um ókomna framtíð í þjóðareigu. Þær breytingar er einnig mikilvægt að gera áður en til hugsanlegra aðildarviðræðna við Evrópusambandið kemur til að treysta samningsstöðu og hagsmuni okkar betur. Þessum nauðsynlegu breytingum ætti að vera unnt að ljúka í lok þessa kjörtímabils og upphafi þess næsta, eða árið 2011 í síðasta lagi.

Annað stórt atriði sem liggur fyrir að taka þarf ákvörðun um, ef til þess kemur á annað borð að Alþingi ákveður að framselja löggjafar-, framkvæmda- og dómsvald til Brussel, er hvernig staðið skuli að þjóðaratkvæðagreiðslum sem snerta þessi mál. Í mínum huga er nefnilega kristalstært að það er íslenska þjóðin sem þarf að úrskurða um svo stórt atriði – bæði hvort yfirhöfuð skuli ráðist í aðildarviðræður og eins varðandi

samþykkt eða synjun aðildar að loknum samningaviðræðum, ef til aðildarviðræðna kemur. Þó er ég sammála forvera mínum Ólafi Jóhannessyni, lagaprófessor og fyrrverandi formanni Framsóknarflokksins, um að „þjóðaratkvæði“ er löggjafaraðili sem ekki á að leita til, nema þegar mikið liggur við eða þegar um meginatriði í lagasetningu er að ræða. Hér liggur vissulega mikið við og því ber að fara þessa leið. Ég hugsa að enginn stjórn málaflokkur vilji samningaviðræður um aðild að ESB nema að hafa að baki sér staðfestan þjóðarvilja og þingvilja.

Af þeim sökum þarf að setja lög á Alþingi um atriði sem lúta til að mynda að þátttöku í þjóðaratkvæðagreiðslu. Á að setja lágmarksskilyrði um þátttöku atkvæðisbærra manna í þeim kosningum? Hversu afgerandi þarf niðurstaða slíkrar atkvæðagreiðslu að vera? Á einfaldur meirihluti að ráða eða á að gera kröfur um aukinn meirihluta? Í kjölfar slíkrar atkvæðagreiðslu þarf einnig að liggja fyrir hversu stór hluti þingmanna þarf til að samþykkja atriði sem lúta að valdaframsali til fjölþjóðlegra stofnana. Þar er mjög líklegt að menn muni staldra við hlutfallið 2/3.

Í dönsku stjórnarskránni er kveðið á um að ef lagafrumvarp felur í sér valdframsal til fjölþjóðlegra stofnana á grundvelli alþjóðasamnings, þá þurfi frumvarpið að hljóta samþykki 5/6 hluta þingmanna. Hljóti frumvarp ekki slíkan stuðning, en nýtur engu að síður stuðnings meirihluta þingmanna, er svo aftur hægt að bera það undir þjóðaratkvæði. Í Noregi voru hins vegar sett sérlög um þjóðaratkvæðagreiðslu varðandi mögulega aðild að ESB þar sem hvorki voru gerðar kröfur um tiltekna lágmarkspáttöku né aukinn meirihluta. Niðurstöður þeirra kosninga voru hins vegar ekki lagalega bindandi heldur aðeins ráðgefandi. Sams konar tilhögun var varðandi ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslur í Svíþjóð og Finnlandi um aðild að ESB.

Við skulum hafa í huga að Alþingi gat ekki náð saman um þjóðaratkvæðagreiðslu í fjölmiðlamálinu fyrir fjórum árum. Það eru því mörg atriði sem huga þarf að og leysa til að tryggja eðlilegan og sanngjarnan feril málsins. Fyrr en búið er að taka á þessum málum er ekki unnt að taka ákvörðun um tímasetningu þjóðaratkvæðagreiðslu.

Við þurfum einnig að hafa í huga að það þýðir ekkert að guða á gluggann hjá ESB og spyrja spurninga. Þeir ræða ekki alvöru málsins nema í gegnum aðildarumsókn sem þýðir að fyrir utan ákveðin og hörð lög Rómarsáttmálans hefðum við sem þjóð tekið ákvörðun um að vilja inn. Þetta er alvörumál eins og öll mál sem snúa að milliríkjasamningum.

Nú segja ýmsir þeir sem best þekkja innviði ESB að við njótum kosta innri markaðarins en séum laus við marga stærstu ágallana. Við ráðum auðlindum okkar, atvinnustefnu og erum ekki gildir skattþegnar Evrópusambandsins. Sömu menn segja við mig að í raun yrðum við innan Evrópusambandsins eins og lítið þorp í íslenskri stjórnsýslu, ef til aðildar kæmi. Það eru þessar fullyrðingar og ágallar sem við verðum að rökræða í málefnalegri umræðu og viðurkenna þá í leiðinni að málið sé á dagskrá.

Eins og ég nefndi fyrr í ræðu minni tókst norrænu flokkunum að skiptast á skoðunum um þessi mál án þess að klofna og voru menn þar sammála um að vera ósammála um þetta stóra grundvallaratriði. Slíkt yrði að mínu mati einnig að vera raunin hér. Það er ekki til flokkslína í þessu máli þar sem

andstæð sjónarmið eru svo jöfn að burðum, hvorki innan okkar raða né innan annarra flokka - þótt hjá sumum andstæðinga okkar sé reynt að kæfa umræðuna niður. Við framsóknarmenn höfum hins vegar sýnt það að við erum óhræddust allra íslensku flokkanna að afla upplýsinga, ræða andstæð sjónarmið í málinu og búa okkur undir mögulegar breytingar. Enda er það svo að almenningur jafnt sem stjórnámálamenn, yrðu bæði í þjóðaratkvæðagreiðslu sem í þinginu að fá að fylgja sannfæringu sinni.

Við framsóknarmenn þekkjum þennan eld á eigin skinni. Tilfinningarnar eru miklar og Evrópuumræðan getur orðið heit. Norðmenn hafa tvisvar gengið í gegnum þjóðaratkvæði um málið. Stjórnámálamenn fóru þar þvert á málið, flokksbönd brustu og það þótti mikilvægt flokkanna vegna. Ég bið flokksmenn því að virða tilfinningar og skoðanir hvers annars. Það er engin skoðun rétthærri annarri. Þjóðin á lokasvarið í þessu máli, að loknum nauðsynlegum lagasetningum, breytingu á stjórnarskrá og vandaðri umfjöllun um kosti og galla aðildar. En þjóðaratkvæðagreiðsla af þessum toga fer ekki saman við neinar aðrar kosningar, hvorki til Alþingis eða

sveitastjórna. Þjóðaratkvæðagreiðslan sneri aðeins að þessu stór-pólítíska máli.

Við framsóknarmenn getum vissulega gert eitt. Í flokki okkar eru 12 þúsund flokksmenn. Það gæti verið fróðlegt að spyrja alla flokksbundna menn í póstspurningu út í viðhorf þeirra til Evrópumálanna.

Ágætu félagar.

Við eigum mörg og stór sóknarfæri þegar sundruð ríkisstjórn sem hvergi tekur á málum á í hlut. Það er staðreynd sem sagan vitnar um að þegar harðnar í ári þá horfa Íslendingar til Framsóknarflokksins. Það var gert í alþingiskosningunum 1971, 1979 og það var einnig gert 1995.

Nú eru því miður að renna upp hugsanlega enn alvarlegri tímar í íslenskum stjórnámálum sem gætu leitt af sér atvinnuleysi og landflóttu. Framsóknarflokkurinn skorast ekki undan ábyrgð. Nú ber svo við að forystumenn ríkisstjórnarinnar eru farnir að taka undir sjónarmið okkar um samstillt átak og þjóðarsátt. Ríkisstjórnin ein ber alla ábyrgð á



þeim vandræðum og óvissu sem hvert mannsbarn sér og þjóðin hefur staðfest að gengisfall ráðherranna eru mestu tíðindi dagsins.

Við skulum ágætu vinir standa saman á hverju sem gengur. Okkar stærsta verkefni er að ræða um aðgerðir í efnahagsmálum til að forða þjóðarvoða. Styrkur okkar liggur í ábyrgri efnahagsstjórn. Við höfum verið hinn staðfasti flokkur á miðju íslenskra stjórn mála með annars vegar öflugt atvinnulíf og hins vegar félagshyggju að leiðarljósi. Við höfum viljað horfa á landið sem eina heild. Landsbyggðin og höfuðborgin eru systkini sem eiga sömu hagsmuni að sækja og verja.

Evrópusambandssumræðan í okkar flokki speglar aðeins, að ég tel, þverskurðinn af skoðunum þjóðarinnar.

Ég óska okkur öllum góðs og málefnalegs miðstjórnarfundar.